

Ed.

244. Nefndarálit

[136. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Undirritaðir leggja til, að afgreiðslu frumvarpsins, 1—5. gr. þess, verði frestað. Breytingin að taka ríkisspítalana úr A-hluta fjárlaga og fella niður daggjöld á þeim sjúkrastofnunum getur átt rétt á sér, en áður en í þá breytingu er ráðist þarf að kanna málið í heild vandlega og hafa samráð við þá aðila, sem mál þetta snertir mest. Mjög hefur á það skort, að þannig hafi verið staðið að þessu máli.

Undirritaðir eru andvígir ákvæði til bráðabirgða, þótt þeir telji innheimtuaðferðina betri en nú gildir

Alþingi, 18. des. 1976.

Helgi F. Seljan,
frsm.

Eggert G. Þorsteinsson.